

## Borgarstjórn Reykjavíkur

9. apríl 2024

### Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um að borgin sjái um skiptistöðina Mjódd

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki sjálf yfir rekstur á skiptistöðinni Mjódd að Þönglabakka 4. Opnunartími skiptistöðvarinnar verði sá sami og aksturstími vagnanna, hún opni þegar akstur hefst að morgni og loki ekki fyrr en síðasti vagn hefur yfirgefið skiptistöðina, og sé opin um helgar á meðan vagnar eru í umferð. Tryggt verði að salerni skiptistöðvarinnar verði ávallt aðgengileg og gjaldfrjáls fyrir farþega strætó sem fara um svæðið á opnunartíma. Aðstaðan verði gerð hlýleg og aðlaðandi og sniðin að þörfum strætófarþega. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að innleiða efni þessarar tillögu í samvinnu við aðila innan borgarinnar sem og strætónotenda.

Lagt er til að kröfur um eðlilega kostnaðarskiptingu verði sendar Strætó bs. og Vegagerðinni þannig að aðrir sem koma að starfseminni greiði eðlilegt þjónustugjald með rekstrinum. Nauðsynlegt er að farþegar á höfuðborgarsvæðinu hafi góða aðstöðu á stærstu skiptistöð þess.

### Greinargerð

Hér að neðan eru listaðar upp þær umbætur sem er þörf á að ráðast í:

- Farþegar hafi ávallt skjól frá veðri og vindum á meðan beðið er eftir vagni.
- Upplýsingagjöf á staðnum um ferðir vagna og tímatöflur verði stórbætt, þar með talið landsbyggðarstrætó.
- Salernisaðstaðan verði bætt og þrífir reglulega.
- Tryggt sé að öll þrjú almenningssalernin í húsnæðinu verði í notkun.
- Bætt verði við stólum og bekkjum svo þau sem á því þurfi að halda að hvíla sig geti gert það á meðan beðið er.
- Hætt verði við að finna utanaðkomandi rekstraraðila til að sjá um skiptistöðina eða að rekstrinum verði sett þessi sömu skilyrði ef ske kynni að ásættanlegt tilboð bærast í rekstur hennar.
- Skoðað verði að hafa öryggisvörð eða húsvörð á svæðinu, samkvæmt ábendingum farþega um aðstöðuna í skiptistöðinni Mjódd.